

REGLUGERÐ

76

19. marz

um breyting á reglugerð frá 10. okt. f. á., um niðurgreiðslu
úr ríkissjóði á kjötverði.

1. gr.

3. gr. orðist á þessa leið:

Skattanefndir og skattstjórar skulu fyrir 1. apríl næstkomandi semja skrá í tvíriti um alla þá, sem rétt hafa til niðurgreiðslu samkvæmt framansögðu. Skal skráin bera með sér, hve marga þeir hafa á framfæri. Skráin skal miðuð við skattframtöl fyrir 1945 og skattskrár gerðar 1946.

Skráin skal lögð fram á sama tíma og skattskrár og skulu gilda sömu reglur um kærur og úrskurð á þeim sem um skattkærur.

Þegar skráin hefur legið frammi hinn lögboðna tíma, skal senda annað eintakið til yfirsattanefndar, en hitt skal afhenda hreppstjóra eða lögreglustjóra, í Reykjavík tollstjóra.

Yfirsattanefnd getur bætt á skrá þeim, sem hvergi eru á skattskrá, en hafa að öðru leyti rétt til niðurgreiðslu, ef þeir sækja um það til hennar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 19. marz 1946.

Pétur Magnússon.

Jón Guðmundsson.

REGLUGERÐ

77

3. apríl

um viðauka við reglugerð nr. 49 3. marz 1945, um skömmtnun á erlendu smjöri.

1. gr.

Auk þeirrar skömmtnunar á erlendu smjöri, sem þegar hefur verið ákveðin, skal afhenda hverjum manni innkaupaheimild fyrir ½ kg af smjöri fyrir tímabilið 1. apríl til 15. maí. Gildir innkaupaheimild þessi fyrir erlent smjör og íslenzkt smjör, sem greitt verður niður; að öðru leyti gilda um hana allar sömu reglur og aðrar innkaupsheimildir, sem gefnar hafa verið út í þessu skyni.

Innkaupaheimildin fellur úr gildi 15. maí næstkomandi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940.

Viðskiptamálaráðuneytið, 3. apríl 1946.

Pétur Magnússon.

Jón Guðmundsson.